

Sveitarstjóri Dalabyggð

From: Sveitarstjóri Dalabyggð
Sent: fimmtudagur, 16. janúar 2020 10:18
To: Sveitarstjóri Dalabyggð
Subject: FW: Boð í kynnisferð Samtaka orkusveitarfélaga til Noregs um vindorku 16-20.mars

One: 0

From: Valgerður Freyja Ágústsdóttir <valgerdur.freyja.agustsdottir@samband.is>
Sent: miðvikudagur, 15. janúar 2020 13:23
To: Valgerður Freyja Ágústsdóttir <valgerdur.freyja.agustsdottir@samband.is>
Subject: FW: Boð í kynnisferð Samtaka orkusveitarfélaga til Noregs um vindorku 16-20.mars

Góðan dag og gleðilegt ár.

Stjórn samtaka orkusveitarfélaga hefur ákveðið að fara í kynnisferð til Noregs dagana 16-20. mars nk. með það að markmiði að fræðast um orkugeirann í Noregi með áherslu á vindorku og vindorkugarða. Neðar í póstinum er að finna drög að dagskrá sem er að verða nokkuð mótuð.

Hér með er þínu sveitarfélagi boðin þátttaka í ferðinni á eigin kostnað. Gróf kostnaðaráætlun sýnir að kostnaður ferðar á mann verði um **160 þúsund krónur fyrir utan fæði og uppihald.**

Þá verður ráðuneytum auk valinna stofnana einnig boðin þátttaka í ferðinni á eigin kostnað.

Vegna tímarammans þarf að liggja fljótlega fyrir hvort sveitarfélagið þiggur boðið. **Við óskum því eftir að þau sem áhuga hafa og vilja senda fulltrúa í ferðina sendi staðfestingu til undirritaðrar fyrir dagslok föstudaginn 24. janúar nk.**

Drög að dagskrá ferðar og ferðatilhögun

Mánudagur 16.mars

07:50. Flogið frá Keflavík til Osló, lent um 11:35 á Gardemoen. Tökum fluglest frá Gardemoen til Oslo S. Þar tökum við T-banen frá Osló S til Stortinget. Föllum út á stoppistöðinni „Lille Grensen“. Þaðan er gengið að Akersgatan 30.

13:30. Fundur með systursamtökum okkar; Landssamanslutninga av Vasskraftkommunar (LVK) á skrifstofu þeirra við Akersgatan 30. Fræðsla um helstu áherslur í þeirra starfi og það sem er að gerast í orkugeiranum í Noregi.

16:00. Tékkad inn á Hótel í Osló

Þriðjudagur 17. Mars

09:05. Flogið frá Osló til Stavanger. Lent kl. 10:00. (mögulega hægt að taka flug frá Osló kl 10 um morguninn eða jafnvel 11:50.) Sækja bílaleigubíla á flugvelli.

Ketill stingur upp á stuttri og frjálsri skoðunarferð um Stavanger.

Ekið til Sogndalstrand síðdegis og gist þar eina nótt. Uppástunga KS er þetta hótel [Sogndalstrand-kulturhotell](#). Tellenes og vindorkugarðurinn er skammt frá Sogndalsstrand.

Miðvikudagur 18. Mars

Fyrir hádegi. Ekið að vindorkugarðinum við Tellens og hann skoðaður undir leiðsögn.

14:30. Lagt af stað akandi til Stavanger. Tekur tæpa 2 kl. Skila bílaleigubílum.

Kvöldflug frá Stavanger til Osló. Gist í Osló

Fimmtudagur 19. mars

Fyrir hádegi. Mæting á aðalstarstöð Oslo. Lestarferð til Sarpsborg (ca klt. Ferð)

Móttaka og leiðsögn um höfuðstöðvar Zephyr í Sarpsborg.

Eftir hádegi. Lestarferð frá Sarpsborg til Osló

Síðdegis. Fundur með vindorkusviði NVE, sem er n.k. Orkustofnun í Noregi

Gist í Osló

Föstudagur 20. Mars

12:50. Flogið til Íslands með Icelandair. Lent í Keflavík kl. 14:55. Ódýrasta flugið heim þann daginn.

Kostnaður

Helstu kostnaðarliðir eru;

- millilandaflug milli Íslands og Noregs (ca 30 þús per mann báðar leiðir)
- fluglest til og frá Gardemoen (mælt með að hlaða niður appi „Oslo Airport Express“ til að kaupa miða. Ca 6 þús kr. báðar leiðir.)
- innanlandsflug frá Osló til Stavanger og tilbaka (ca 20 þús per mann báðar leiðir)
- lestarferð Osló – Sarpsborg (ca 6 þús. per mann báðar leiðir)
- bílaleigukostnaður í sólarhring vegna Tellenes (ca 5 þús. kr. á mann)
- Hótelkostnaður, 4 nætur, 3 í Osló og ein skammt frá Tellenes, þ.e. Sogndalstrand. (ca 90 þús. kr. per mann í 4 nætur)
- Uppihald

Bestu kveðjur,

Valgerður Ágústsdóttir

sérfræðingur á hag- og upplýsingasviði

Samband íslenskra sveitarfélaga